


Norðurþing, stjórnsluhús  
Skipulags- og byggingarfulltrúi

## Röndin fiskeldisstöð á Kópaskeri

### Fyrirspurn vegna skipulagsmála

Fyrir hönd Rifós hf. óskar undirritaður eftir heimild til að byggja einn tank (buffertank til að jafna út rennsi í tromlusíur sem gefur betri hreinsun) austast á lóðinni en utan byggingarreits, án þess að gera þurfi breytingu á deiliskipulagi.

Tankurinn verður 4 m að hæð frá gólfkóta aðaliggjandi húss/kerjapalla og verður ummál hans 10 m. Sjá snið hér að neðan þar sem fyrirhugaður tankur er í grænum lit.



Þar sem aðeins er verið að óska eftir byggingu á einum tanki sem verður innan lóðar þó svo að hann verði utan byggingarreits er óskað eftir að um sé að ræða óveruleg frávík frá deiliskipulagi og því óskað eftir að málsmeðferð verði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga, sjá hér að neðan.

*Við útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.*

Til vara er óskað eftir heimild til að vinna óverulega breytingu á deiliskipulagi vegna tanksins.

Hér að neðan má sjá hluta gildandi deiliskipulagsupplýsinga sem sýnir lóð og byggingarreiti fiskeldisstöðvar. Fyrirhuguð staðsetning á nýjum tank er sýnd með gulum hring.



F.h. Landslags ehf.

**Ómar Ívarsson**

Skipulagsfræðingur SFFÍ